Nd. **88. Frumvarp**

til laga um lögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera ríkislögregla, og má skipa allt að 10 fasta starfsmenn í þeim tilgangi og aðstoðarmenn eftir því sem óhjákvæmilegt þykir.

2. gr.

Kostnaður af lögreglu þeirri, sem um getur í 1. gr., greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur þó samið við bæjarstjórnina í Reykjavík um að nokkur hluti kostnaðarins greiðist úr bæjarsjóði, ef ríkislögreglan tekur að sér störf, sem telja verður að séu á verksviði bæjarfélagsins.

3. gr.

Tilgangur ríkislögreglunnar er að aðstoða lögregluliið bæjarins við að halda uppi lögum og friði, eftir nánari reglum, sem ráðherra getur sett. Ríkislögregluna má ekki nota til kúgunar vinnukaupenda eða vinnuseljenda í löglegum kaupdeilum, heldur aðeins til að halda uppi lögum og friði og vernda eignir fyrir óréttmætum árásum.

4. gr.

Ríkislögreglan og þeir, sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins. Hún og þeir, sem aðstoða hana, eiga rétt til bóta fyrir skaða og meiðsli, er þeir verða fyrir vegna starfsins, eftir almennum reglum laga.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað, sem leiðir af því að halda uppi reglu og öryggi í landinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hverju ríki er skylt að halda uppi því skipulagi, sem það hefir sett sér. Lögregluliði ríkja, bæja og sveitarfélaga er falið þetta starf. Hér á landi hefir

ríkið ekki sjálft tekið annan verulegan þátt í þessu en að skipa og launa lögreglustjóra, sem stjórna því lögregluliði, sem bæjarfélögin leggja til. En þetta fyrirkomulag er ekki óruggt, enda munu öll menningarríki önnur en Ísland hafa ríkislögreglu til þess að inna þetta skyldustarf af hendi.

Að sjálfsögðu leggur þetta nokkrar fjárhagslegar byrðar á herðar ríkinu, en um það tjáir ekki að fást, því að reynslan sýnir, að þar, sem margt fólk safnast saman og stórir bæir myndast, þarf öflugri lögreglu en vænta má, að bæjarfélögin greiði allan kostnað af. Þess ber þó að geta, að núverandi stjórn hugsar sér að leggja ekki meira í kostnað í þessu efni en hún sér sér minnst fært, enda ekki líkur til, að Alþingi mundi láta annað óátalið.

Hinar einstöku gr. gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Um 1. gr.

Vísast til hinna almennu athugasemda.

Um 2. gr.

Hér er ekki ástæða til að láta annars getið en þess, að með því að vel getur hugsazt, að samkomulag verði um það, að ríkislögreglan leysi af hendi einhver störf, sem bæjarlögreglan ætti að réttu lagi að inna af hendi, t. d. að tollverðir, sem í réttu lagi eru ríkislögregla, gæti reglu við höfnina eða hafi eftirlit með sóttvarnarlöggjöf, þá þarf ákvæði um skiptingu kostnaðarins, en gert er ráð fyrir, að um þetta verði samkomulag, sem báðum aðiljum getur verið hagur að.

Um 3. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að hlutverk ríkislögreglunnar er að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu. Um þetta er tæpast unnt að deila. Aftur á móti hafa komið fram raddir um það, að nokkur hætta væri á því, að ríkislögreglan yrði notuð til að kúga verkamenn í vinnudeilum. Á þessu á þó ekki að vera meiri hætta hér en í öðrum löndum. En til þess að fyrirbyggja slikan ótta eru tekin upp ákvæði í gr. þessa, sem sýna, að tilgangur lögreglunnar er alls ekki þessi, heldur þvert á móti. Hitt er auðvitað, að meðan kaupdeilur standa yfir, geta lög verið brotin og friði spillt, og það leiðir af sjálfu sér, að þeir, sem vilja nota slik tækifæri til lögbrota, geta ekki og mega ekki geta skotið sér undir, að kaupdeila sé. Aðalatriðið er, að kaupdeilur verða að ganga sinn gang, en þær mega ekki skapa þeim, sem vilja brjóta landslög, vernd til þess að koma vilja sínum fram.

Um 4. gr.

Ríkislögreglumenn eru starfsmenn ríkisins og eiga því kröfu á sömu vernd og embættismenn eða sýslunarmenn. Auk þess er rétt að tryggja þeim bætur fyrir slysum og skaða. Slíkar bætur verður ríkið að inna af hendi, þegar ekki eru aðrir, sem eru bótaskyldir, en um það fer eftir almennum reglum.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða almenna heimild, sem ekki gefur tilefni til athugasemda.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.